

## REGLUR

### Kjósarhrepps um styrki til ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

#### I. KAFLI

##### Markmið, hlutverk og skipulag.

###### 1. gr.

###### *Markmið.*

Markmið með styrk til ferðaþjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér eigin bifreið kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda. Starfsmenn hafa við mat á þjónustupörf ávallt að leiðarljósi getu og færni umsækjanda.

###### 2. gr.

###### *Hlutverk.*

Hlutverk reglna þessara er að skapa viðmið um hámark styrkja til einstaklinga, samkvæmt 3. gr., vegna atvinnu, náms, lækninga og hæfingar.

Hafi Kjósarhreppur hagkvæmari úrræði en greiðslu ferðastyrks, er honum heimilt að beita þeim og jafnframt að innheimta gjald sambærilegt og hjá Ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.

###### *Almennt.*

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

###### *Vegna lækninga og hæfingar.*

Fjöldi ferða til lækninga og hæfingar verði að jafnaði ekki fleiri en 150 á ársgrundvelli.

###### *Vegna atvinnuþátttöku.*

Fjöldi ferða sem njóta styrks verði að hámarki 168 á ársgrundvelli.

###### *Einkaerindi og tómsundir.*

Fjöldi ferða til einkaerinda er háður takmörkunum, en við það skal miða að þær verði ekki fleiri en 8 á mánuði.

###### *Leikskólabörn.*

Foreldrar fatlaðra barna á leikskólaaldri, samkvæmt 3. gr., eiga rétt á ferðastyrk vegna náms barns í leikskóla. Styrkurinn miðast við að standa undir þeim aukakostnaði sem hlýst af ef leikskólaúrræði á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ henta ekki.

###### *Börn á skólaskyldualdri.*

Foreldrar barna á grunnskólaaldri, samkvæmt 3. gr., eiga rétt á ferðastyrk að Klébergi ef skólaakstur á vegum sveitarfélagsins nýtist eigi. Þarfnist nemendur fjarlæggra námsúrræða er það metið sérstaklega.

###### 3. gr.

###### *Réttur til styrks.*

Sá á rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Ennfremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

###### 4. gr.

###### *Stjórn og yfirumsjón.*

Félagsmálanefnd fer með stjórn ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á vegum Kjósarhrepps.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar annast fyrirvar gagnvart umsækjendum og gerir tillögur til félagsmálanefndar Kjósarhrepps um afgreiðslu umsókna.

## II. KAFLI

### **Framkvæmd þjónustunnar.**

5. gr.

*Umsókn.*

Umsókn um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk skal vera skrifleg. Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda, óskir um ferðafjölda og í hvaða tilgangi þær eru farnar. Þá skulu koma fram upplýsingar um fötlun umsækjanda og hvort hann hafi umráð yfir bifreið. Einnig skal umsækjandi leggja fram við frumumsókn staðfestingu sérfræðings um þörf á ferðaþjónustu, fjölda ferða og tímalengd þjálfunar eða endurhæfingar þar sem það á við.

Umsókn um styrk til ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk sendist skrifstofu Mosfellsbæjar og skal hún metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

6. gr.

*Fyrirkomulag þjónustunnar.*

Fyrirkomulag þjónustunnar er með þeim hætti að greitt er almennt kílómetragjald samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

## III. KAFLI

### **Málsmeðferð, málskotsréttur umsækjanda og gildistími reglna.**

7. gr.

*Ákvörðun.*

Ákvörðun um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk tekur félagsmálanefnd Kjósarhrepps.

8. gr.

*Tímabil samþykktar.*

Úthlutunartímabil vegna ferðaþjónustu eru tvö á hverju ári, 1. janúar – 31. maí og 1. júní – 31. desember.

9. gr.

*Synjun.*

Umsækjendum sem er synjað um styrk til ferðaþjónustu skal svarað skriflega, þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar. Jafnframt skal umsækjanda bent á málskotsrétt sinn.

10. gr.

*Áfrýjun.*

Málsmeðferð samkvæmt reglum þessum fer að ákvæðum málsmeðferðarreglna stjórnýslulaga nr. 37/1993.

Umsækjandi um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk getur krafist rökstuddra, skriflegra svara um forsendur ef umsókn er synjað. Ákvörðun trúnaðarmálafundar fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar um synjun má áfrýja til félagsmálanefndar Kjósarhrepps. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna.

Ákvörðunum félagsmálanefndar Kjósarhrepps er unnt að skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, sbr 5. gr. a í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

11. gr.  
*Gildistími.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt 35. gr. og 9. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Samþykkt í hreppsnefnd Kjósarhrepps, 26. maí 2011.*

**Guðný G. Ívarsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2011